



Samræða: Pólitík Febrúar 2007

Spurningar:

- Hvað fá hryðjuverkamenn út úr því að reyna að sprengja sig á loft upp? Hvað fá þeir eiginlega út úr því? Það er enginn að fara að hlusta á þá! (Anna Katrín)
- Finnst stjórnarandstæðingunum það vera eina lausnin að sprengja til að ná athygli? (Anna Katrín)
- Er réttlætanlegt að forsætisráðherra geti sagt fólki að þeir séu búnir að ná leiðtoga hryðjuverkasmatakanna þegar þeir eru ekki vissir? (Daníel)
 - Er það í lagi til að róa fólkið? (Ragnheiður)
- Hryðjuverk eru til að hræða: Til hvers er verið að hræða fólkið? Hver er tilgangur þess? (Anna Katrín)
- Er það manlegt að taka þá ákvörðun (að deyja í staðinn fyrir að lifa), er það í okkar eðli? (Anna Katrín)
- Viljum við öll lifa? (Anna Katrín)
- Hvað erum við tilbúin að gera mikið til þess að fá að lifa? (Anna Katrín)
- Hvað erum við tilbúin að ganga langt til að deyja? (Anna Katrín)
- Hver eru mörkin hversu langt ríkisstjórnin má ganga ef þeir eru ekki vissir um hverjir eru saklausir í raun og veru? (Ragnheiður)
- Hvort á maður að reyna að bjarga þessu eða leyfa þróuninni að hafa sinn gang, eins og okkar samfélag hefur gert? (Anna Katrín)
- Er það jafn mikill glæpur að ganga til liðs við spillta ríkisstjórn og það er að gera ekkert í henni? (Ásgeir)
- Hvernig er hægt að byggja upp virkilega ónýtt land, t.d. Írak, án þess að koma með stríð og drepa hálfu þjóðina? (Ragnheiður)
- Væri ekki betra, mannúðlegra fyrir samfélagið að leyfa þessu fólki (vanhæfu fólki sem myndi ekki þrífast í náttúrunni) að deyja til að mannkynið væri heilbrigðara? (Anna Katrín)
- Það þykir miklu verra að drepa manneskju heldur en ef manneskjan hefði aldrei orðið. (Anna Katrín)

Væri ekki betra, mannúðlegra fyrir samfélagið að leyfa þessu fólki (vanhæfu fólki sem myndi ekki þrífast í náttúrunni) að deyja til að mannkynið væri heilbrigðara?

Já...	Nei...
<ul style="list-style-type: none">• Rétt í augum ríkisstjórnarinnar• Mannkynið verður heilbrigðara, sjúkdómum fækkar því þeir erfast ekki lengur• Heilbrigðisvandinn verður minni → minni peningur fer í sjúkrahús og heilsugæslu og rannsóknir á sjúkdómum• Offjölgun mannkyns verður minna vandamál• Minni hætta á ofveiði fisks: ágangur í náttúruauðlindir verður minni af því að fólkið er færri• Ég myndi ekki vilja láta halda mér á lífi ef ég gæti ekki bjargað mér sjálf	<ul style="list-style-type: none">• Við getum lært mjög mikið af þessu fólki• Vegna mannréttinda: allir eiga rétt á að fá að lifa• Myndi sjúkdómum eitthvað fækka?• Þetta væri mjög erfitt í framkvæmd af því að aðstandendur „sjúklinganna“ gætu ekki leyft þeim að deyja

Skiptir ekki máli að það „þykir miklu verra að drepa manneskju heldur en ef manneskjan hefði aldrei orðið“?

6. - 9. febrúar 2007: Hópur 2 - Pólitík

Af hverju má maður ekki deyja?

- Skil ekki alveg spurninguna, er átt við sjálfsmorð?(Jakob)
- (Svar til Jakobs) Um er að ræða bæði það tilfelli sem felur í sér hefðbundið sjálfsmorð og einnig er verið að ræða um þegar manneskja sem er háð öndunarvél vil láta taka úr sambandi. (Ázi)

Skiptir meira máli hvernig öðrum líður gagnvart þér eða hvernig þér sjálfri líður? (T.d. mamman sem vill ekki aftengja öndunarvél dóttur sinnar sem er í dái)
Getur ríkisstjórn verið siðlaus en skynsöm?

Þarf samfélag endilega að vera lýðræði til að ganga upp? Eiga hugmyndir svo sem það að hreinsa gena mengið með því að útrýma "óheilum" einstaklingum út heima í slíku samfélagi eða er hægt að láta þær ganga upp? (Ázi í 1939 fíling)

Framhald í tíma 9. feb:

Þar sem ríkir engin sorg þar er engin þörf á hamingju!

Verðum við að hafa andstæður í lífinu?

- Verða þá að vera andstæður í öllu? Verðum við að hafa fátækt fólk?
- Breytileiki hjálpar lífverum að komast af (líffræðilega kenningin)
- Breytileiki leiðir af sér þróun, sveigjanleika ef eitthvað kemur upp á – þá deyja ekki bara allir út

- Of mikill fjölbreytileiki er ekki góður?
 - Purfum við þá ekki að skilgreina muninn á því að skilja ekki einhvern og að VILJA EKKI SKILJA einhvern?

Er hamingja alltaf tímabundið ástand?

Framhald í tíma 20. febrúar: RÉTTLÆTI

Er réttlátt að ríkið borgi atvinnulausum bætur?

- Í lagi á meðan sá atvinnulausi finnur sér nýja vinnu
- Í lagi á meðan bætunarnar vara ekki í of langan tíma
- Í lagi á meðan bætunarnar eru lágar og veita fólki þannig hvatningu til að vera frekar í vinnu

Hvað þegar það er engin vinna laus á mínu sviði?

- Fólk verður að sýna sveigjanleika – finna eitthvað annað á meðan

Markaðurinn?

- Er réttlátt að ég þurfi að finna mér aðra vinnu en ég hef menntað mig til (t.d. sem verkfræðingur) þegar markaðurinn hefur ekki þörf fyrir fleiri verkfræðinga?

Framhald í tíma 23. febrúar: Er réttlátt að börn ríkra foreldra geti fengið betri menntun en börn fátækra foreldra?

Réttlátt gagnvart börnunum en ekki foreldrunum

Alveg eins og með skútuna, ekki óréttlátt að eiga skútu, óréttlætið felst í því að einn eigi skútu EF einhver annar á ekki neitt

Af hverju þarf sá eignalaus samúð? Hann gæti hafa valið að vera eignalaus, selt allt frá sér.

Hugmyndin um misskiptingu er alltaf óréttlát.

- Af hverju?
- Sumir geta ekki unnið sig upp – en það er ekki þessum ríku að kenna
- Af hverju á ég að finna samviskubit yfir þeim?
- Maður á að reyna að bæta úr óréttlæti en ekki að vera með samviskubit yfir því sem maður hefur áunnið sér.
- Óréttlátt að nota peninga í hernað frekar en að hjálpa fátækum – ekki réttlátur samanburður, nýlenduveldin bera ekki endilega ábyrgð á fátækt annars staðar – en fátækum ríkum gekk betur undir stjórn nýlenduveldanna – afríkuríkum hefur ekki verið hjálpað því það þjónar ekki tilgangi fyrir vesturlönd
- Ríkir – fátækir

Hversu erfitt getur verið að hjálpa fátækum þannig að það hjálpi raunverulega?

- Þú færð aldrei neitt fyrir ekki neitt!
- Við hjálpum ekki ef við græðum ekkert á því

Ríkur maður fær 5 milljónir á mánuði og getur boðið barninu sínu mjög góða menntun
Fátækur maður 120.000 kr. Á mánuði og getur ekki boðið barninu sínu neitt umfram menntunina sem ríkið veitir.

- Það geta allir unnið sig upp
- Hvað um þá sem hafa ekki fengið tækifærin – það geta EKKI allir unnið sig upp.
- Það hafa allir sama möguleikann á grunnskólamenntun og sérkennslu
- Það geta allir sparað

Hópur 2
Samræða: Pólitík

- En hvað þegar peningarnir skapa mun sem hefur ekkert með verðleika að gera?
- Er íslenska samfélagið réttlátt?
- Hvert er hlutverk ríkisins í réttlátu samfélagi?